

REGLUGERÐ KSÍ

um menntun knattspyrnuþjálfara

1.gr.

Almenn ákvæði

- 1.1. Allir þjálfarar skulu hafa fullnægjandi og viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir vinna.
- 1.2. Með hugtakinu þjálfari er hér átt við hvern þann sem kennir knattspyrnu og skipuleggur og stjórnar knattspyrnuæfingum og knattspyrnuleikjum.

2.gr.

Menntunarkröfur

- 2.1. Félög skulu gera kröfur til þjálfara sinna um menntun samkvæmt eftirfarandi:

Þjálfun	Námskeið skv. kennsluskrá KSÍ
Landsbankadeild karla, 1. deild karla og Landsbankadeild kvenna	UEFA Pro gráða (fyrir keppnistímabilið 2010) eða KSÍ A eða KSÍ B og KSÍ VI ásamt því að sækja næstu mögulegu námskeið til að ljúka við KSÍ A eða * viðurkenning um hæfni frá fræðslunefnd KSÍ
2. deild karla, 3. deild karla, 1. deild kvenna og 2. flokkur	KSÍ B
Aðstoðarþjálfari meistaraflokks í Landsbankadeild karla, 1. deild karla og Landsbankadeild kvenna	KSÍ B eða KSÍ II og ljúka við KSÍ B eins fljótt og unnt er miðað við framboð á KSÍ námskeiðum
Yfirþjálfari unglिंगastarfs í Landsbankadeild karla og 1. deild karla	KSÍ B eða ** viðurkenning um hæfni frá fræðslunefnd KSÍ
3. og 4. flokkur	KSÍ III Þjálfarar 3. og 4. flokks karla hjá félögum sem leika í Landsbankadeild karla og 1. deild karla þurfa þó KSÍ B skv. leyfiskerfinu.
5. 6. 7. og 8. flokkur og flokkar þar sem eingöngu er keppni í 7 manna liðum	KSÍ II
Aðstoðarþjálfarar sem ekki eru taldir upp annarsstaðar	KSÍ II
Aðstoðarþjálfarar í flokkum þar sem eingöngu er keppni í 7 manna liðum	KSÍ I

* Til að geta sótt um viðurkenningu um hæfni frá fræðslunefnd KSÍ þarf þjálfarinn að hafa minnst 5 ára starfsreynslu að baki sem yfirþjálfari hjá félagi með samningsbundna leikmenn í efstu (tveimur) deildum og/eða landsliðs hjá knattspyrnusambandi, sem á aðild að FIFA. Hann skal ráðinn af stjórn félagsins og vera skráður hjá KSÍ. Þetta ákvæði fellur úr gildi í árslok 2008.

** Til að sækja um viðurkenningu um hæfni frá fræðslunefnd KSÍ þarf þjálfarinn að hafa minnst 2 ára starfsreynslu að baki sem yfirmaður unglिंगastarfs hjá félagi í efstu deild hjá aðildarsambandi UEFA. Hann skal ráðinn af stjórn félagsins og vera skráður hjá KSÍ. Þetta ákvæði fellur úr gildi í árslok 2008.

3.gr.

Mat á þjálfaragráðum

- 3.1. KSÍ er aðili að þjálfarasáttmála UEFA og metur því UEFA A og UEFA B þjálfaragráður frá öllum löndum Evrópu til jafns við KSÍ A og KSÍ B gráðurnar.

4.gr.

Endurmenntun

- 4.1. Þjálfarar með KSÍ A og KSÍ B þjálfaragráður þurfa að sækja sér endurmenntun, lágmark 15 tíma á 3 ára fresti til að viðhalda réttindunum sínum og skila inn staðfestingu því til sönnunar til fræðslustjóra KSÍ.
- 4.2. Fræðslunefnd KSÍ ákvarðar hvað telst gild endurmenntun til endurnýjunar á þjálfararéttindunum.

5.gr.

Mat réttinda

- 5.1. Fræðslunefnd KSÍ metur hvaða réttindi nám/námskeið á Íslandi og erlendis veita og hvaða réttindi útlendingar hafa til þjálfunar á Íslandi.
- 5.2. Fræðslunefnd KSÍ getur veitt I.-II. stigs þjálfararéttindi þeim sem hafa knattspyrnuferil að baki.

6.gr.

Undanþágur

- 6.1. Fræðslunefnd KSÍ er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum í reglugerð þessari ef veigamiklar og sérstakar ástæður liggja að baki. Slíkar undanþágur skal þó alltaf bera undir stjórn KSÍ til samþykktar.

7.gr.

Gildistaka

- 7.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara.

Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007